



Innra mat leikskóla

**Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög
í tengslum við innra mat leikskóla**

Björk Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Skilgreiningar	3
Innra mat	3
Viðmið um innra mat	4
Umfjöllun um innra mat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla	4
Greinargerð – niðurstöður innra mats.....	6
Umbótaáætlun	8
Heimildir	10

Inngangur

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. [90/2008](#) er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfs. Sveitarfélög eiga að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólstarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólstarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólstarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögunum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólstarfið, árangur þess og þróun.

Í aðalnámskrá leikskóla¹ segir að nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar skuli bera ábyrgð á að leikskólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Þar er einnig kveðið á um mikilvægi þess að nefndin fylgi því eftir að niðurstöður innra mats stuðli að auknum gæðum í starfi leikskólans. Nefndin ber ennfremur ábyrgð á að framkvæmt sé ytra mat á leikskólum sem tekur mið af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla. Slíkt ytra mat byggir á margs konar upplýsingum og þar með talið upplýsingum um innra mat leikskólans.

Nefndin sinnir eftirliti með leikskólum í sveitarfélaginu hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða ekki. Samkvæmt 25. gr. laga um leikskóla skal í rekstrarleyfi til sjálfstæðra rekstraradila leikskóla sérstaklega fjallað um skyldur rekstraraðila til þess að meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólstarfsins og láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits.

Þessu riti er ætlað að vera leiðarvísir fyrir nefndina eða aðila á hennar vegum við að sannreyna að innra mat leikskólans sé framkvæmt á viðunandi hátt og niðurstöður þess séu nýttar til umbóta. Um er að ræða nokkurskonar ytra mat til að efla og styðja innra mat leikskólans.

¹ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 36

Skilgreiningar

Í ritinu hafa eftirfarandi hugtök merkingu sem hér greinir:

Í **eftirliti** felst almennt, kerfisbundið eftirlit með því að leikskólar starfi samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrám.

Mat hefur verið skilgreint sem „ferli sem felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.“² Í mati felst að það er felldur dómur um gæði út frá skilgreindum viðmiðum.

Munurinn á innra og ytra mati hefur með stöðu matsaðila að gera. Séu þeir starfsmenn í leikskólanum er talað um innra mat, komi þeir að utan er talað um ytra mat. Í innra mati er það leikskólinn sjálfur sem leitast við að meta starf sitt að hluta eða í heild og starfsfólk og eftir atvikum börn og foreldrar taka þátt í öllu matsferlinu. Ytra mat beinist að starfi leikskólans og starfsfólki hans og þátttaka starfsfólks, barna og foreldra er yfirleitt fyrst og fremst þess eðlis að veita upplýsingar.

Í þessum leiðbeiningum er ekki gerður greinarmunur á innra mati og sjálfsmati. Litið er svo á að hugtakið innra mat hafi leyst sjálfsmatshugtakið af hólmi.

Hagsmunaaðili leikskóla er sá sem hefur hagsmuni af velferð og frammistöðu leikskólans. Hagsmunaaðilar leikskóla eru fjölmargir, en þeir helstu eru börnin, foreldrar þeirra og starfsmenn auk rekstraraðila (sveitarstjórn og nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar). Aðrir hagsmunaaðilar eru t.d. fræðsluyfirvöld (skólaskrifstofur og mennta- og menningarmálaráðuneyti), verðandi leikskólabörn og foreldrar þeirra, aðrir íbúar í sveitarfélaginu og grunnskólar.

Innra mat

Í aðalnámskrá leikskóla³ kemur fram að aðalnámskráin myndar þann grunn viðmiða sem bæði innra og ytra mat hvíla á. Viðmið og markmið sem sett eru fram í aðalnámskrá eru útfærð nánar í skólanámskrá leikskólans. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að stefnu og markmiðum aðalnámskrár⁴.

Grundvallaratriði í innra mati er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér í stefnu skólans. Sú vitneskja nýtist til að skilgreina forgangsverkefni og skipuleggja aðgerðir til að koma á umbótum.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að innra mat er lykilatriði í framförum og umbótastarfi skóla⁵. Ef innra mati er ekki sinnt sem skyldi er geta skólans til að bæta sig lítil af því að hann þekkir ekki styrkleika sína og veikleika. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að skólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat. Því er mikilvægt að leggja áherslu á að efla innri matsmenningu og umbótastarf innan skólanna.

² Steinunn Helga Lárusdóttir (2002), bls. 20

³ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 20

⁴ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 35

⁵ [HM Inspectorate of Education](#) (2009)

Viðmið um innra mat

Leikskólum er frjálst að haga innra mati sínu á þann hátt sem best hentar því starfi sem á sér stað í skólanum. Innra matið byggir þó á ákveðnum grundvallar viðmiðum sem koma fram í lögum um leikskóla⁶, reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum⁷ og aðalnámskrá leikskóla⁸. Þau eru eftirfarandi:

Innra mat:

- er markmiðsbundið
- er kerfisbundið
- er samofið öllu skólastarfi
- er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum
- byggir á traustum upplýsingum
- leiðir til umbóta
- er opinbert

Fjallað verður um þessi atriði og þau sett í samhengi í leiðbeiningunum hér á eftir.

Í aðalnámskránni segir ennfremur að í skólanámskrá skuli koma fram hvernig leikskólinn hyggst standa að innra mati. Í starfsáætlun leikskólans er gerð grein fyrir árlegum viðfangsefnum innra mats. Í leiðbeiningunum hér á eftir er gengið út frá því að auk umfjöllunar í skólanámskrá og starfsáætlun þá liggi fyrir greinargerð/ir um framkvæmd og niðurstöður innra mats.

Umfjöllun um innra mat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Í aðalnámskrá leikskóla⁹ segir að hver skóli skuli þróa aðferðir við innra matið sem taka mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Þar segir ennfremur að innra mat sé byggt á kerfisbundinni aðferð sem skuli lýst í skólanámskrá.

Innra mat er **kerfisbundið** sem gefur til kynna að það er úthugsað, gert af ásettu ráði og hefur ákveðinn tilgang¹⁰. Það gefur einnig til kynna að notaðar eru markvissar aðferðir við að safna gögnum og það er felldur dómur eða gefin umsögn um gildi eða verðleika þess sem metið er.

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt svo sem reglulegar kannanir, rýnihópar, viðtöl, athuganir, skimanir o.fl.

Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats: Innra mat á að vera **samofið daglegu skólastarfi**¹¹. Það þýðir meðal annars að það þarf að ná til allra helstu þátta í starfi leikskólans og vera hluti af daglegu starfi leikskólakennara og annarra starfsmanna. Ekki er raunhæft að skoða alla þætti skólastarfsins á einu skólaári og því er mikilvægt að leikskólar forgangsraði verkefnum og geri sér tímaáætlun þar sem fram kemur áætlun þeirra um dreifingu matsþátta yfir 3-5 ára tímabil. Slík áætlun þjónar annars vegar þeim tilgangi að skipuleggja matsvinnuna og dreifa verkefnum

⁶ Lög um leikskóla nr. [90/2008](#), gr. 18

⁷ Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald, nr. [893/2009](#), gr. 3

⁸ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 20-21 og 36

⁹ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 20 og 36

¹⁰ Guskey (2000)

¹¹ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 20 og 36

svo að matið verði viðráðanlegt og hins vegar að hafa yfirsýn yfir að enginn matsþáttur verði útundan þegar til lengri tíma er litið. Tímaáætlun er hægt að birta hvort heldur sem er í starfsáætlun skólans eða skólanámskrá.

Tímaáætlun ætti að gera ráð fyrir að matið nái til eftirfarandi þátta einu sinni eða oft á 3-5 ára tímabili¹²:

- Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, námsmat, námssvið og áherslur
- Starfsáætlun – s.s. skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar
- Nám – s.s. námsaðferðir og hæfnisviðmið
- Leikskólabörn – s.s. líðan og þarfir
- Kennsla og uppeldi – s.s. kennslu- og uppeldishættir og starfsþróun
- Starfsfólk – s.s. starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf
- Stjórnun
- Viðmót og menning leikskóla
- Aðbúnaður
- Samstarf heimila og leikskóla
- Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið
- Umbótaaðgerðir/þróunarstarf
- Ráðstöfun auðlinda – s.s. fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar
- Grunnþættir menntunar – læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð

Athugið að upptalningin endurspeglar ekki forgangs röðun matsþátta.

Árlega er áætlunin endurskoðuð og uppfærð eftir þörfum vegna þess að oft koma upp mál sem áriðandi er að meta sem fyrst og því er mikilvægt að tímaáætlanir séu sveigjanlegar. Sumir matsþættir eru metnir oft á þriggja til fimm ára tímabili en aðrir e.t.v. ekki nema einu sinni.

Innra matið á að vera hluti af starfsemi leikskólans og styðja alla þætti skólastarfsins. Þar sem nám, uppeldi og kennsla eru lykilþættir í skólastarfinu er mikilvægt að þeir séu ávallt í brenni-depli, s.s. með ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum, jafningjamati kennara/starfsmanna, mati á nýjungum í kennsluháttum, skráningu á námi og viðfangsefnum barna, greiningu á framförum barna o.s.frv. Eðlilegt er að tímaáætlun endurspegli þá áherslu. Matið á að hafa áhrif á uppeldis og kennsluhætti en það eru þau matssvið sem yfirleitt reynist erfiðast að meta.

Matsáætlun: Í starfsáætlun skóla er gerð ítarlegri grein fyrir matsþáttum og áherslum í innra mati þess skólaárs sem starfsáætlunin nær til. Matsáætlun felur í sér að skilgreina markmið með matinu (matsspurningar), skilgreina hvaða upplýsingum skuli safnað og frá hverjum og hvaða aðferðir verða notaðar til gagnaöflunar. Ennfremur kemur fram í matsáætlun hvenær gögnum verður safnað og hvaða viðmið verða notuð við túlkun þeirra.

Spurningar til að leita svara við:

- Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í leikskólanum?
- Er í starfsáætlun eða skólanámskrá gerð grein fyrir áætlun næstu ára um innra mat (tímaáætlun)?

¹² Byggt á: Sigurlína Davíðsdóttir o.fl. (2011)

- Nær tímaáætlun til allra helstu þátta skólstarfsins?
- Er í tímaáætlun lögð áhersla á mat á námi, uppeldi og kennslu, t.d. með því að þessir þættir séu metnir árlega með einhverjum hætti?
- Er í starfsáætlun sett fram matsáætlun sem gerir grein fyrir matsþáttum og áherslum í innra mati þess skólaárs sem starfsáætlunin nær til?

Greinargerð – niðurstöður innra mats

Til þess að innra mat geti talist **opinbert** þarf leikskólinn að birta opinberlega upplýsingar um niðurstöður þess og áætlanir um umbætur¹³. Slíkar greinargerðir geta verið í formi ritaðrar skýrslu, glæru kynningar, ljósmynda með skýringum, vefsíðu eða samsetningar af þessu öllu. Greinargerðin getur einnig verið röð af skýrslum eða opin ferilmappa sem stöðugt er verið að bæta í. Innra matið er opinbert ef hagsmunaaðilar geta nálgast upplýsingar um niðurstöður þess á eigin spýtur. Algengast er að greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir séu gerðar opinberar með því að birta þær á heimasíðu leikskólans. Mikilvægt er að athuga hvort að fyllsta trúnaðar við þátttakendur sé gætt og hvort farið sé með upplýsingar um einstaklinga í samræmi við gildandi lög um meðferð persónuupplýsinga.

Skólanámskráin er grundvöllur innra matsins. Í aðalnámskrá leikskóla¹⁴ kemur fram að innra mat taki mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers leikskóla sem fram kemur í skólanámskrá og í vinnu við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskránni. Leikskólinn notar innra matið til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hafi verið náð. Ef innra matið varpar ljósi á hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem skólanámskráin tilgreinir, þá er matið **markmiðsbundið**.

Í aðalnámskrá¹⁵ segir ennfremur að mikilvægt sé að innra matið nái til allra lögbundinna markmiða skólstarfsins. Þá er verið að vísa til 2. gr. laga um leikskóla¹⁶ sem fjallar um markmið leikskólstarfs og sex grunnþátta menntunar sem birt er í aðalnámskrá leikskóla¹⁷.

Aðalnámskrá leikskóla¹⁸ tilgreinir að leggja þurfi mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Mikilvægt er að matið sé ferlismiðað þannig að ekki sé eingöngu verið að skoða árangur, heldur einnig að meta gæði starfseminnar og verkferlana sem eiga að leiða til árangursins¹⁹. Til dæmis ef markmið er í skólanámskrá um að börnunum líði vel í leikskólanum, þá er líðan þeirra metin (árangur markmiðsins) og einnig þær ráðstafanir sem skólinn hefur gripið til, til að stuðla að vellíðan barnanna (aðgerðirnar sem eiga að stuðla að markmiðinu). Ef aðgerðir og verkferlar eru metnir gerir það fólki kleift að taka afstöðu til þess hve árangursríkar aðgerðirnar eða verkferlarnir eru til að stuðla að markmiðinu.

Það sem þarf að koma fram í greinargerð um innra mat:

- **Lýsing.** Þar sem innra matið er framkvæmt af þeim sem þekkja best til starfsemi leikskólans verður að gæta þess að það sé upplýsandi fyrir ólíka hagsmunaaðila. Umfjöllunin ætti að

¹³ Sjá [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 21

¹⁴ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 20 og 36

¹⁵ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 20

¹⁶ Lög um leikskóla nr. [90/2008](#)

¹⁷ Sjá [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 10-17

¹⁸ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 21

¹⁹ [Björk Ólafsdóttir](#) (2010), bls. 46-47

beinast fyrst og fremst að því að lýsa þeim þáttum sem eru viðfangsefni matsins. Sérstaklega ætti að leggja áherslu á að fjalla um stefnu leikskólans og þær áherslur og markmið sem tengjast viðfangsefni matsins.

- Markmið og tilgangur matsins. Mikilvægt er að tilgangurinn með matinu sé skýr og það sé ljóst eftir hvaða upplýsingum er verið að leita. Skýrar matsspurningar þjóna t.d. því hlutverki að afmarka það sem metið er.
- Aðferðir og framkvæmd matsins. Í greinargerðinni þarf að fjalla um þær aðferðir sem notaðar eru við gagnaöflun og gera grein fyrir hvaðan upplýsingarnar eru fengnar. Það er til að staðfesta að gagnaöflun fari fram með viðurkenndum aðferðum og byggji á **traustum upplýsingum**. Rétt er í því samhengi að veita athygli hvort leikskólinn beiti fjölbreyttum aðferðum við gagnaöflun, þ.e. að byggt sé á fyrirbyggjandi skriflegum gögnum (skýrslur, skimanir, greiningargögn, skráningar o.fl.), megindlegum gögnum (viðhorfakannanir, ECERS, niðurstöður ytri rannsókna eða ytra mats o.fl.) og eigindlegum gögnum (viðtöl, rýnihópar, fundir, teikningar, myndir, athuganir o.fl.). Í aðalnámskrá leikskóla²⁰ kemur fram að meta þurfi skólastarfið með margvíslegum hætti og þær upplýsingar og þau gögn sem lögð eru til grundvallar þurfi að taka mið af starfsaðferðum leikskólans, fjölbreytileika í foreldrahópnum og ólíkum tjáningarmáta barnanna.

Ólík sjónarhorn gefa heildstæðari mynd af skólastarfinu. Starfsfólk, börn, foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar eiga að vera virkir þátttakendur í innra matinu eftir því sem við á. Til að framfylgja þessu er rétt að fylgjast með að þessir helstu hagsmunahópar skólans séu þátttakendur í einhverjum hluta innra matsins og matið sé þannig **samstarfsmiðað**. Í aðalnámskrá leikskóla²¹ segir að **lýðræðisleg vinnubrögð** við innra mat sem taki tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að starfi leikskólans stuðli að auknum gæðum í starfinu. Þar kemur einnig fram að leikskólakennarar, annað starfsfólk, foreldrar og börn þurfi að fá tækifæri til að velta fyrir sér leikskólastarfinu og ræða sín á milli á jafnréttisgrundvelli.

- Viðmið. Samkvæmt aðalnámskránni²² mótar hver leikskóli viðmið fyrir sína starfsemi og setur þau fram í skólanámskrá. Viðmið hefur verið skilgreint sem árangur sem stefnt er að og einhugur er um að telst góður árangur²³. Hið eiginlega mat felst í að bera niðurstöður saman við þessi fyrirfram skilgreindu viðmið og finna þannig hvar styrkleikar og veikleikar liggja. Viðmið auðveldar túlkun á niðurstöðum og auka gagnsæi. Ef viðmið eru ekki ákveðin ógnar huglægni niðurstöðum og þeim ályktunum sem dregnar eru af þeim – sérstaklega af því að matsaðilinn og sá sem metinn er, er sami aðilinn. Skýr samanburðarviðmið mynda því grunn að áreiðanlegu og traustu innra mati.

Rétt er þó að hafa í huga að fyrirfram skilgreind viðmið eiga ekki alltaf við. Þegar um er að ræða eigindleg gögn (niðurstöður viðtala, funda, rýnihópa, athugana o.fl.) er ekki raunhæft að hafa viðmið fyrir allar niðurstöður, enda leiða slík gögn oft í ljós sjónarmið sem ekki er hægt að vita fyrirfram að komi fram, en eru samt mikilvægar matsniðurstöður.

Fyrir megindlegar niðurstöður (töluleg gögn) eru notuð töluleg viðmið en fyrir eigindlegar niðurstöður (orðuð gögn) er yfirleitt raunhæfara að lýsa viðmiðum með orðum.

²⁰ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 20-21 og 36

²¹ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 36

²² [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 36

²³ [Björk Ólafsdóttir](#) (2010), bls. 44

- Sterkar og veikar hliðar. Mikilvægt er að niðurstöður séu skoðaðar út frá því markmiði/-matsspurningum sem var lagt af stað með og þær séu bornar saman við þau viðmið sem ákveðin voru. Á þeim grunni er hægt að taka afstöðu til hvað vel er gert og hvað betur má fara – draga þarf fram á skýran hátt hvar styrkleikar leikskólans liggja og hvar þörf er á umbótum. Vert er að veita því athygli hvort niðurstöður séu túlkaðar á sannfærandi hátt með tilvísun í gögnin. Algeng mistök þegar gerð er grein fyrir niðurstöðum í innra mati eru miklar lýsingar en ekki nægileg greining og túlkun á niðurstöðum.

Spurningar til að leita svara við:

- Liggur fyrir skýrsla/greinargerð um niðurstöður innra mats?
- Er skýrslan/greinargerðin aðgengileg hagsmunaaðilum, t.d. á heimasíðu leikskólans?
- Er skýr tenging á milli markmiða leikskólans sem birtast í skólanámskrá og þeirra matsþátta sem teknir eru fyrir í innra mati leikskólans?
- Er skilgreint hver tilgangur matsins er (t.d. með matsspurningum)?
- Er gerð grein fyrir aðferðum við gagnaöflun og framkvæmd innra matsins?
- Er innra mat leikskólans byggt á traustum gögnum?
- eru gögnin fjölbreytt?
- Er leitað eftir sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila, s.s. leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra?
- eru viðmið, til að bera niðurstöður saman við, skilgreind?
- Fer fram greining á sterkum og veikum þáttum í skólastarfinu?
- Er greiningin í samræmi við niðurstöður?

Umbótaáætlun

Gagnaöflun eingöngu, þó hún sé kerfisbundin og regluleg, bætir ekki skólastarfið. Matið á að leiða til **umbóta** sem þýðir að niðurstöður þess á að nota til að vinna að umbótum í skólastarfinu. Í aðalnámskrá leikskóla²⁴ segir að með hliðsjón af niðurstöðum innra mats séu umbætur skilgreindar og skipulagðar. Það er gert með því að setja fram umbótaáætlun. Í umbótaáætlun þurfa að koma fram þeir þættir sem þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hver er ábyrgur fyrir hverri aðgerð, hvenær hún á að komast til framkvæmda og hvenær á að meta hvort aðgerðin hafi skilað ávinningi. Samkvæmt aðalnámskrá²⁵ skal leikskóli birta opinberlega upplýsingar um áætlanir um umbætur.

Mikilvægt er að fylgja umbótaáætluninni eftir og veita þannig leikskólunum aðhald. Það má gera með ýmsum hætti, s.s. með viðtali við leikskólastjóra, heimsókn í leikskólann eða greinargerð frá leikskólastjóra.

Spurningar til að leita svara við:

- Hefur verið sett fram áætlun um umbætur?
- Er umbótaáætlunin aðgengileg hagsmunaaðilum, t.d. á heimasíðu leikskólans eða rekstraraðila hans?
- eru áætlaðar umbætur í samræmi við greiningu á sterkum og veikum þáttum?

²⁴ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 21

²⁵ [Aðalnámskrá leikskóla](#) (2011), bls. 21 og 36

- Eru umbótaverkefni í samræmi við aðrar upplýsingar sem skólanefndin/sveitarfélagið hefur um leikskólann (í gegnum ytri kannanir, kvartanir o.fl.)?
- Eru umbótaverkefni raunhæf miðað við þær þjargir sem leikskólinn/sveitarfélagið hefur (tími, fjármagn, starfsfólk)?
- Er umbótum forgangsraðað?
- Er ábyrgðaraðili aðgerðar skilgreindur og tímasett hvenær verkefninu skulið lokið?
- Er tímasett hvenær á að meta árangur umbótaaðgerða?

Heimildir

- Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Skoðað 23. maí 2011 á: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>
- Björk Ólafsdóttir (2010). *Skólastefna sveitarfélaga. Handbók*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Guskey, Thomas R. (2000). *Evaluating professional development*. Thousand Oaks, CA: Corwin Press.
- HM Inspectorate of Education (2009). *Learning Together: Lessons about school improvement*. An HMIE report on how schools get better. Slóðin er: <http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/ltlasi.pdf>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald.
- Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Leiðbeiningar um innra mat skóla*. Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið. Slóðin er: <http://www.eval.is>
- Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.